Reykjavík 21. janúar 2016

Nýr kjarasamningur

Það er ánægjuefni að skrifað hefur verið undir nýjan kjarasamning aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands við Samtök atvinnulífsins.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018. Atkvæðagreiðsla verður kynnt á næstu dögum en henni þarf að vera lokið fyrir 26.2 2016. Við teljum að kjarasamningurinn feli í sér verulegar viðbætur við þær hækkanir sem samið var um á síðasta ári fyrir félagsmenn. Samninginn í heild sinni má finna á heimasíðum stéttarfélaganna og á asi.is.

Samningurinn byggir á rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27.10 2015 og bókun um lífeyrisréttindi frá 5.5 2011 og er ætlað að tryggja jafnræði í kjaraþróun á grundvelli sameiginlegrar launastefnu og jöfnun lífeyrisréttinda.

Markmiðið kjarasamningsins er því tvíþætt:

1. Að auka lífeyrisréttindi á almennum vinnumarkaði úr 56% í 76% af meðalævitekjum og jafna ávinnslu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Til að ná þessu þarf að hækka í áföngum mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð um 3,5%, úr 8% í 11,5%.
2. Að laga launa- og kjarabreytingar áranna 2016-2018 að rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27.10 2015.

Gildissvið:

Samningurinn tekur til þeirra almennu kjarasamninga, sem aðildarfélög ASÍ gerðu við SA frá maí til september 2015. Sérstaklega er áréttað, að sérkjarasamninga aðila skuli uppfæra sérstaklega í samræmi við 2. gr. rammasamkomulagsins frá 27. október 2015 og munu breytingar á launaliðum taka gildi á sömu dagsetningum og á við um almennu samningana.

Launaliðir:

2016: Í stað 5,5% launaþróunartryggingar kemur 6,2% almenn launahækkun, að lágmarki kr. 15.000 á mánuði. Launahækkunin kemur til framkvæmda 1. janúar 2016 í stað 1. maí 2016. Hafi launagreiðandi framkvæmt almenna hækkun launa gagnvart þorra starfsmanna á tímabilinu 2. maí 2015 til 31. desember 2015 er heimilt að draga hana frá hækkuninni. Þó skal enginn starfsmaður fá minna en 6,2% launahækkun á tímabilinu 2. maí til 31. desember, að lágmarki kr. 15.000 á mánuði.

2017: Í stað 3,0% almennrar launahækkunar 1. maí 2017 kemur 4,5% almenn launahækkun

2018: Í stað 2,0% almennrar launahækkunar 1. maí 2018 kemur 3,0% almenn launahækkun

Lífeyrisréttindi:

Framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkar og verður eftirfarandi:

2016: Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júní 2016 um 0,5% stig og verður 8,5%

2017: Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júní 2017 um 1,5% stig og verður 10,0%

2018: Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júní 2018 um 1,5% stig og verður 11,5%

Réttindaávinnsla mun aukast um 36% og einstaklingur sem greiðir í lífeyrissjóð skv. þessu alla starfsævina getur vænst þess að fá um 76% af meðaltali ævitekna úr lífeyrissjóði í stað 56% áður. Örorkubætur og Barna- og fjölskyldulífeyrir hækka í sama hlutfalli.

Tryggt verður að einstaklingur geti valið að verja a.m.k. að hluta af hækkun iðgjaldsins í bundna séreign. Mikilvægt er að undirbúa þetta val vandlega og auðvelda einstaklingum að taka upplýsta ákvörðum því ef hluta iðgjalds verður ráðstafað í séreign munu greiðslur úr samtryggingu hækka hlutfallslega minna sem því nemur.

Nýtt samningalíkan fyrir íslenskan vinnumarkað

Þann 27. október 2015 skrifuðu aðilar vinnumarkaðarins undir samkomulag um mótun nýs samningalíkans fyrir íslenskan vinnumarkað. Ekki er verið að greiða atkvæði um það mál hér. Hér er einungis verið að greiða atkvæði um jöfnun lífeyrisréttinda og launahækkanir umfram gildandi kjarasamninga. Mikil vinna er framundan við mótun samningalíkansins þar sem kallað verður eftir þátttöku aðildarfélaga og félagsmanna, m.a. með fjölmennu stefnumóti í byrjun maí nk. Þegar niðurstaða liggur fyrir, líklega á vormánuðum 2017, og hefur samninganefnd ASÍ þegar ákveðið að hún verði lögð í sérstaka atkvæðagreiðslu félagsmanna.

Sameiginleg atkvæðagreiðsla

Löng hefð er fyrir því að breytingar á grundvallaratriðum lífeyriskerfisins séu afgreiddar með sameiginlegum hætti og jafnframt fyrir því að þegar samið er undir friðarskyldu sé gildistaka bundin við afgreiðslu samninganefndar sem nú er sameiginleg. Við þær aðstæður sem nú eru uppi og vegna kröfu SA hefur niðurstaðan orðið sú, með vísan til 2.mgr. 5.gr. laga nr. 80/1938, að bera þennan kjarasamning sem samninganefnd ASÍ hefur sameinast um að gera, upp til afgreiðslu í einni sameiginlegri atkvæðagreiðslu.